

Sé prestssetur leigt öðrum en presti, semur stjórn sjóðsins um leigukjör við hlutaðeigandi, sbr. þó 4. mgr. Presti er heimilt, með samþykki stjórnar prestssetrasjóðs, að leigja prestssetur þriðja manni um skamma hríð, svo sem t.d. meðan prestur er fjarverandi í námsleyfi. Skal þá litið svo á að prestur beri fulla ábyrgð á prestssetrinu, eins og hann sæti það með venjulegum hætti, sbr. 1. og 2. gr. reglna þessara.

17. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi nú þegar.

*Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 2000.*

Jón Helgason  
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson  
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 8. nóvember 2000.*

F. h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson** biskup Íslands.

## AUGLÝSING

### um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd nr. 730/1998.

#### „STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd nr. 730/1998.

1. gr.

Framan við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr ml. svohljóðandi: Úrskurðarnefnd kannar, áður en málsmeðferð hefst, hvort viðhlítandi sáttaumleitaniir hafi farið fram, skv. gildandi starfsreglum um hverju sinni.

Í stað orðanna „vikið úr starfi“ í 3. mgr. komi: veitt leyfi frá starfi.

2. gr.

17. gr. orðist svo: Í úrskurði vegna agabrota getur nefndin gripið til eftirfarandi úrræða:
- lagt til að starfsmanni verði veitt áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyrirmælum um rétta starfshegðun,
  - mælt fyrir um að hann skuli fluttur til í starfi,
  - mælt fyrir um að hann skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi eða köllun á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar eða
  - lagt til endanlega brottvikningu hans úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til.

3. gr.

19. gr. orðist svo: Málsaðilar bera sjálfir kostnað sinn vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd. Kristnisjóður greiðir að jafnaði kostnað við störf úrskurðarnefndar, sbr. 35. gr. Heimilt er þó nefndinni að ákveða að annar eða báðir málsaðilar greiði kostnaðinn.

## 4. gr.

32. gr. orðist svo: Úrskurðir úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar skulu liggja fyrir á skrifstofu kirkjustjórnarinnar til afhendingar þar í ljósriti á kostnaðarverði ef óskað er, nema lög mæli á annan veg.

## 5. gr.

34. gr. orðist svo: Málsaðilar greiða að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila.

Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að Kristnisjóður greiði allan málskostnað.

## 6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 12., 13. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 2000.*

Jón Helgason  
forseti kirkjubings.

Gunnar Sveinsson  
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 8. nóvember 2000.*

F. h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson** biskup Íslands.

## AUGLÝSING

### um starfsreglur kirkjubings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

#### „STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um  
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

## 1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

Skaftafellsprófastsdæmi

Ásaprestakall og Kirkjubæjarklaustursprestakall sameinast. Hið sameinaða prestakall nefnist Kirkjubæjarklaustursprestakall. Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.

Stafafells- og Hafnarsókn nefnist Hafnarsókn.

Kjalarnesprófastsdæmi

Stofnuð skal ný sókn Vallasókn er myndar nýtt prestakall, Vallaprestakall. Mörk sóknarinnar og prestakallsins eru Reykjanesbraut að vestan og norðvestan að Kaldárselsvegi,